

Húsnæðisáætlun 2022

Sveitarfélagsnúmer: 7400

Áætlunarsvæði: Múlaþing

Kennitala: 660220-1350

Landshluti: Austurland

Heimilisfang: Lyngási 12, 700 Egilsstöðum



Múlaþing



Efnisyfirlit

Mannfjöldaspá.....	3
Forsendur fyrir mannfjöldaspá	3
Lýsing á atvinnuástandi.....	6
Húsnæðisþörf.....	8
Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbyggingu	11
Búsetuform	12
Áætluð þörf eftir búsetuformum	13
Þjónusta og innviðir	15
Samanburður á áætlaðri þörf á þjónustu og getu	16
Lóðir og skipulag.....	17
Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum	17
Íbúðir í byggingu	18
Samanburður	19
Viðauki – Spurningar úr áætlanagerfi	20

Lykiltölur

Mannfjöldaspá +4 ár (miðspá 2025)	Mannfjöldaspá +10 ár (miðspá 2031)	Fjöldi íbúða á skipulögðum lóðum	Íbúðir í byggingu (september 2021)
207 ↑4,1%	531 ↑10,4%	355	17

Mannfjöldaspá

Forsendur fyrir mannfjöldaspá

Borgarfjörður eystri

Við gerð mannfjöldaspá og lýsingu á atvinnuástandi fyrir Borgarfjörð eystri er stuðst við spá Hagstofu um mannfjölda á Íslandi 2021-2070, Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2019, Austurland, Stöðugreining 2019 (Byggðastofnun). Húsnæðisáætlun 2018-2026. Borgarfjörður eystri - Brothættar byggðir /Betri Borgarfjörður árskýrsla 2019 og 2020 (Byggðastofnun). Inni fasteignasala (upplýsingar um fasteignamarkaðinn í Múlaþingi). Samtal við starfsmenn og stjórnendur hjá Múlaþingi. Ítarlegt samtal við starfsmann heimastjórnar á Borgarfirði. Skýrslur um þróun og horfur í Ferðaþjónustu á Íslandi til 2030 (Menningar og ferðamálaráðuneytið). Mælaborð ferðaþjónustunnar. Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi (sjávarútvegsráðuneytið 2021). Radarinn, mælaborð sjávarútvegsins.

Íbúum á Borgarfirði eystri fækkaði að meðaltali um 1% á árunum 2012-2021, en fjölgað um 15% síðustu tvö ár. Í ljósi jákvæðra teikna í atvinnulífi og bættum samgöngum við Borgarfjörð, gerir miðspá ráð fyrir 1% fjölgun íbúa á ári eða 10% fjölgun íbúa út spá-tímam. Háspá gerir ráð fyrir 1,5% fjölgun íbúa á ári til ársins 2031. Lágspá fyrir byggðakjarnann á Borgarfirði eystri ráð fjölgun íbúa gangi hægar fyrir sér eða íbúum fjölgi um 0,5% á ári næstu 10 árin Þessar mannfjöldaspár eru til samræmis við spár um íbúapróun fyrir aðra byggðakjarna Múlaþings. Í fámönnum byggðakjörnum getur smávægilegur flutningur fólks til og frá svæðinu haft umtalsverð áhrif á spána.

Það skal tekið fram að uppsöfnuð húsnæðisþörf og eftirspurn eftir húsnæði á Borgarfirði eystri sem ekki er hægt að verða við eins og stendur, getur haft umtalsverð áhrif á mannfjöldaspá til framtíðar og viðgang og uppbyggingu atvinnulífs.

Djúpivogur

Við gerð mannfjöldaspá og lýsingu á atvinnuástandi fyrir Djúpavog er stuðst við spá Hagstofu um mannfjölda á Íslandi 2021-2070, Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2019, Austurland, Stöðugreining 2019 (Byggðastofnun). Samtöl við stjórnendur hjá Múlaþingi. Ítarlegt samtal við starfsmann heimastjórnar á Djúpavogi. Húsnæðisáætlun Djúpavogs 2018-2026. Inni fasteignasala (upplýsingar um fasteignamarkaðinn í Múlaþingi). Skýrslur um þróun og horfur í Ferðaþjónustu á Íslandi til 2030 (Menningar og ferðamálaráðuneytið). Mælaborð ferðaþjónustunnar. Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi (sjávarútvegsráðuneytið 2021). Radarinn, mælaborð sjávarútvegsins. Viðtöl við forsvarsmenn Múlaþings í fjölmiðlum um atvinnuhorfur á Djúpavogi.

Meðaltal íbúafjölgunar á Djúpavogi 2012-2021 er 1,64% og er borin uppi af umtalsverðri fjölgun íbúa 2019-2021 (11,57%). Þetta gerist samfara uppbyggingu í slátrun og þökkun fiskeldisafurða og vaxandi umsvifum í ferðaþjónustu sem einkennir atvinnulíf þessa byggðakjarna Múlaþings.

Gangi áætlanir eftir, sérstaklega m.t.t. fiskeldis og vinnslu fiskeldisafurða og áframhaldandi vexti í ferðapjónustu á svæðinu mun íbúum fjölga áfram, en væntanlega ekki í eins stórum stökkum og síðustu þrjú ár. Spár gera ráð fyrir að það hægist á fjölgun íbúa á Djúpavogi og hún leiti jafnvægis eins og jafnan gerist eftir umtalsverða atvinnuuppbyggingu. Miðspá áætla 1,0% fjölgun íbúa á ári á Djúpavogi og háspá gerir ráð fyrir 1,5% fjölgun íbúa á ári til loka spátíma 2031. Lágspá er nokkru lægri, gerir ráð fyrir 0,5% fjölgun íbúa út tímabilið.

Það skal tekið fram að uppsöfnuð húsnæðisþörf og eftirspurn eftir húsnæði á Djúpavogi, sem ekki er hægt að verða við eins og stendur (2022), getur haft talsverð áhrif á mannfjöldaspá til framtíðar og viðgang og uppbyggingu atvinnulífs á staðnum.

Egilsstaðir

Við gerð mannfjöldaspá og lýsingu á atvinnuástandi fyrir þéttbýlið við Fljótið (Fljótsdalshérað) er stuðst við spá Hagstofu um mannfjölda á Íslandi 2021-2070, Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2019, Austurland, Stöðugreining 2019 (Byggðastofnun). Samtöl við starfsmenn og stjórnendur hjá Múlaþingi. Skýrslur um þróun og horfur í Ferðapjónustu á Íslandi til 2030 (Menningar og ferðamálaráðuneytið) og mælaborð ferðapjónustunnar. Minnisblað: „Sveitarfélagið Austurland“ RR ráðgjöf (mars 2019), Inni fasteignasala (upplýsingar um fasteignamarkaðinn í Múlaþingi), Húsnæðisáætlun Fljótsdalshéraðs 2018-2026, Framtíðarsýn og stefna Fljótsdalshéraðs 2007-2027 og skoðuð var Atvinnustefna Fljótsdalshéraðs (2008).

Meðaltal fjölgunar íbúa í þéttbýlinu við Fljótið er 0,78% síðustu 10 ár. Lágspá fyrir svæði byggir á svipaðri fjölgun og meðaltal fyrri ára, næstu 10 ár. Í forsendum fyrir miðspá er gert ráð fyrir 1,0% fjölgun á ári næstu 10 árin. Háspá er nokkru hærri eða 1,5% fjölgun íbúa á ári, til ársins 2031. Þéttbýlið við Fljótið er kjarnasvæði Múlaþings. Þróun á Íslandi, eins og víðar er, á þann veg að stærstu þéttbýlin stækka enn frekar á kostnað þeirra minni. Í miðspá og háspá er gert ráð fyrir að fjölgun íbúa verði drifin áfram af áframhaldandi vexti í þjónustu og verslun, sérfræðiþjónustu, ferðapjónustu og millilandaflugvöllurinn á Egilsstöðum verði sterk miðstöð ferðapjónustunnar á Austurlandi með reglulegu millilandaflugi. Ef það markmið næst, leiðir það t.d. til að ferðapjónustan verður heils árs atvinnugrein sem kallar á fleiri fjölbreytt þjónustustörf. Þá verði vöxtur í störfum sem eru óháð staðsetningu og fjarvinnuþenningu muni skapast á svæðinu.

Það skal tekið fram að uppsöfnuð húsnæðisþörf og eftirspurn eftir húsnæði á Fljótsdalshéraði, sem ekki er hægt að verða við eins og stendur, getur haft umtalsverð áhrif á mannfjöldaspá til framtíðar og viðgang og uppbyggingu atvinnulífs.

Seyðisfjörður

Við gerð mannfjöldaspá og lýsingu á atvinnuástandi fyrir Seyðisfjörð er stuðst við spá Hagstofu um mannfjölda á Íslandi 2021-2070, Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2019, Austurland, Stöðugreining 2019 (Byggðastofnun). Húsnæðiskönnun 2019 - Seyðisfjörður, Húsnæðisskýrsla 2019 - Seyðisfjörður.

Húsnæðisáætlun – stofnframlög (bæjarráð 4/11/2018). Samtöl við starfsmenn og stjórnendur hjá Múlaþingi. Ítarlegt samtal við starfsmann heimastjórnar á Seyðisfirði. Skýrslur um þróun og horfur í Ferðaþjónustu á Íslandi til 2030 (Menningar og ferðamálaráðuneytið) og mælaborð ferðaþjónustunnar. Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi (sjávarútvegráðuneytið 2021). Radarinn, mælaborð sjávarútvegsins. Þá er horft til viðtala við forsvarsmenn Múlaþings í fjölmiðlum um aðgerðir og framtíðarhorfur við uppbyggingu á Seyðisfirði eftir aurflóðin 2020, auk skýrslna og upplýsinga m.a. frá Austurbrú. Önnur opinber gögn um aðgerðir ríkis og Múlaþings til treysta byggð og atvinnulíf á Seyðisfirði til framtíðar. Inni fasteignasala (upplýsingar um fasteignamarkaðinn í Múlaþingi).


Fjölgun íbúa á Seyðisfirði á árunum 2012-2021 er 0,24%. Seyðfirðingar standa að vissu leyti á krossgötum um þessar mundir þar sem ákveðið hefur verið að ráðast í gerð jarðganga undir Fjarðarheiði og hefst vinna við þau 2023. Auk þess liggur fyrir að gerðir verða ofanflóðagarðar og stækkun á hafnarsvæði er í burðarliðnum. Samhliða er unnið að því að treysta undirstöður atvinnulífs á Seyðisfirði. Lágspá um íbúafjölda í þessu þéttbýli Múlaþings gerir ráð fyrir 0,5% fjölgun íbúa næstu 10 árin sem er svipuð þróun eins og verið hefur undanfarin 10 ár. Í miðspá fyrir svæðið er gert ráð fyrir 1,0% fjölgun íbúa á ári til 2031. Í háspá fyrir Seyðisfjörð er gert ráð fyrir 1,5% fjölgun íbúa á ári næstu 10 árin. Í miðspá og háspá er gert ráð fyrir að hluti vinnuaflsins sem mun vinna við þau verkefni sem framundan eru, setjist að á Seyðisfirði á meðan á verkefnum stendur og athafnafólk á staðnum sjái tækifæri framundan og ráði til sín fólk til fyrirliggjandi verkefna. Háspá byggir til viðbótar miðspá á, að fólk utan byggðarlagsins sjái sér í auknum mæli hag í flytja búferlum á Seyðisfjörð og byggja afkomu sína á þátttöku í "öðrum" tækifærum t.d. í ferðaþjónustu, verslun, nýsköpun og listalífi auk þess að störfum án staðsetningar muni fjölga talsvert á Seyðisfirði í framtíðinni. Jafnframt er horft til þess að aðgerðir stjórnvalda og sveitarfélagsins verði til þess að treysta enn frekar í sessi nýsköpun, atvinnulíf og byggð þannig að Seyðisfjörður verði sem fyrr góður staður að búa á.

Það skal tekið fram að uppsöfnuð húsnæðisþörf og eftirspurn eftir húsnæði á Seyðisfirði, sem ekki er hægt að verða við eins og stendur, getur haft umtalsverð áhrif á mannfjöldaspá til framtíðar og viðgang og uppbyggingu atvinnulífs.

Taflan hér að neðan sýnir áætlun á þróun mannfjölda fram til ársins 2031. Fjöldi íbúða er reiknuð stærð og tekur mið af mannfjölda og fjölda íbúða per íbúð.

Tegund	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Mannfjöldi	5086	5162	5241	5319	5398	5479	5562	5645	5729	5816	5903
Mannfjöldabreyting %	0.00	1.49	1.53	1.49	1.49	1.50	1.51	1.49	1.49	1.52	1.50
Háspá Fjöldi íbúða	2140	2171	2204	2237	2270	2304	2339	2375	2410	2446	2483
Íbúðafjöldi breyting %	-0.19	1.45	1.52	1.50	1.48	1.50	1.52	1.54	1.47	1.49	1.51
Íbúar per íbúð	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38
Mannfjöldi	5086	5137	5188	5241	5293	5347	5399	5453	5508	5563	5617
Mannfjöldabreyting %	0.00	1.00	0.99	1.02	0.99	1.02	0.97	1.00	1.01	1.00	0.97
Miðspá Fjöldi íbúða	2140	2161	2182	2204	2227	2249	2270	2293	2318	2339	2363
Íbúðafjöldi breyting %	-0.19	0.98	0.97	1.01	1.04	0.99	0.93	1.01	1.09	0.91	1.03
Íbúar per íbúð	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38
Mannfjöldi	5086	5112	5138	5164	5190	5216	5243	5268	5296	5322	5350
Mannfjöldabreyting %	0.00	0.51	0.51	0.51	0.50	0.50	0.52	0.48	0.53	0.49	0.53
Lágspá Fjöldi íbúða	2140	2150	2162	2172	2183	2195	2206	2217	2229	2239	2251
Íbúðafjöldi breyting %	-0.19	0.47	0.56	0.46	0.51	0.55	0.50	0.50	0.54	0.45	0.54
Íbúar per íbúð	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38	2.38

Mannfjöldaspá



Lýsing á atvinnuástandi

Borgarfjörður eystri

Góður gangur er í atvinnu á svæðinu. Sem dæmi um nýlega eða nýja starfsemi sem fer vel af stað og skapar störf er vinnsla á harðfiskbitum hjá Sporði, rekstur Búðarinnar, leiga á hjólum og öðrum búnaði til ferðamanna og fjallaleiðsögn, framleiðsla skartgripa hjá Studio Postulínska og framleiðsla á vörum úr æðardúni hjá Íslenskum Dúni. Unnið er af miklum krafti að endurbyggingu gamla Kaupfélagshússins. Þar verður m.a. ölstofa og framleiðsla á landa og gini undir merkjum KHB Brugghúss. Við þetta bætist undirbúningur að myndarlegri viðbót við starfsemi gistihússins Blábjarga í eigu sömu aðila og KHB Brugghús. Þá er hafinn undirbúningur átöppunarverksmiðju fyrir hágæða neysluvatn. Veiðar og vinnsla bolfisks standa föstum fótum. Höfn og hafnaraðstaða er með ágætum. Lundabyggð í Hafnarhólma hefur mikið aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn, auk einstakrar náttúru Borgarfjarðar sem þekkt er meðal innlendra jafnt sem erlendra ferðamanna. Ekki eru neinar sérstakar blikur á lofti í atvinnumálum á Borgarfirði eystri í auglýs. Heimamenn horfa björtum augum til framtíðar.

Djúpivogur

Gott atvinnuástand er á Djúpavogi og umtalsverð og vaxandi umsvif sem tengjast starfsemi fiskeldisfyrirtækja á Austurlandi. Eldisaukning er í pípunum á Austurlandi sem hefur áhrif á Djúpavogi þar sem fyrirtækin reka laxaslátrun hjá Búlandstindi. Verið er að leggja síðustu hönd á kassaverksmiðju í Gleðvík og áætlanir eru um að reisa nýtt stórt slátur- og vinnsluhús fyrir fiskeldisafurðir á Djúpavogi. Vaxandi umfang í fiskeldi mun fljótlega kalla á meiri afleidda þjónustu, þannig að margfeldisáhrif starfseminnar á Djúpavogi eru (og verða) umtalsverð og ná einnig út fyrir byggðakjarnann. Uppbygging tengd ferðaþjónustu hefur verið hinn vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu. Cittaslow hugmyndafræðin ríkir á Djúpavogi og með því er lögð áhersla á staðbundna framleiðslu, að lifa í núinu og njóta lífsins.

Egilsstaðir

Þegar horft er til Múlaþings í heild sinni, þá hefur stærra og fjölbreyttara sveitarfélag í för með sér meiri grósku í mannlífi og fleiri tækifæri í atvinnulífi sem gerir sveitarfélagið eftirsóknarvert hvað varðar búsetu, fjárfestingar og heimsóknir ferðamanna. Það er styrkur þéttbýlisins við Fljótið að atvinnustarfsemi þar er fjölbreytt. Á síðustu 10 árum hefur flugvöllurinn á Egilsstöðum, þjónusta við virkjun við Kárahnjúka, Fljótsdalsstöð, atvinna í álveri Alcoa á Reyðarfirði ásamt annarri þjónustu og verslunarstarfsemi að miklu leyti komið í veg fyrir sveiflur í atvinnustarfsemi sem hefur gjarnan einkennt sjávarplássin í fjórðungnum. Á sama tíma hefur orðið svipaður samdráttur í hefðbundnum landbúnaði og annars staðar á landinu. Undantekningin eru „sveifluárin“ sem koma glögglega fram í íbúafjölda árána 2004 - 2009 og tengjast uppbyggingu við Kárahnjúka, Fljótsdalsstöð og álveri Alcoa á Reyðarfirði. Eftir þann uppbyggingartíma hefur atvinnulíf og íbúafjöldi í sveitarfélaginu aftur leitað jafnvægis og jafnrar fjölgunar íbúa. Uppbygging tengd verslun, þjónustu og ferðaþjónustu hefur verið vaxtarbroddur í atvinnustarfsemi á svæðinu á síðustu árum. Mikilvægt er að Egilsstaðaflugvöllur fái aukið hlutverk sem alþjóðaflugvöllur sem er ein forsenda fyrir vaxandi umsvifum í ferðaþjónustu og að atvinnugreinin styrkist enn frekar í sessi sem heilsársatvinnugrein í Múlaþingi. Greiðar samgöngur í allar áttir, hátt þjónustustig, greiður aðgangur að innviðum og grunnþjónustu, auk fyrirsjáanlegra kjarnabreytinga á staðsetningu starfa og fjarvinnu, leiðir til þess að Fljótsdalshérað getur fest sig enn frekar í sessi sem mikilvægur búsetuvalkostur t.d. við höfuðborgarsvæðið og aðra stærri þéttbýlisstaði á Íslandi og jafnvel erlendis.

Seyðisfjörður


Atvinnulíf á Seyðisfirði stóð frammi fyrir margþættum vanda í kjölfar hamfaranna í desember 2020. Komið hefur verið á laggirnar hvatasjóði til að styðja við atvinnuuppbyggingu og hvetja til þróunar. Sjóðnum er ætlað að stuðla að atvinnuuppbyggingu með því að virkja frumkvæði íbúa og annarra sem tengjast byggðarlaginu og koma til móts við þá atvinnurekendur og einstaklinga í atvinnurekstri sem orðið hafa fyrir tjóni. Áhersla er á að styrkja atvinnustarfsemi, á sjálfbærni, bættu nýtingu, notkun staðbundinna hráefna og sýnileika svæðisins. Múlaþing og ríkisvaldið standa því þétt að baki íbúa og atvinnurekenda á Seyðisfirði við áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og byggðar. Fjarðarheiðargöng verða boðin út á þessu ári (2022) og eiga framkvæmdir að hefjast í síðasta lagi á því næsta. Milljarður er áætlaður í verkið á þessu ári. Auk þess liggur fyrir að ráðist verði í umfangsmikið verkefni við gerð ofanflóðagarða og áætlanir eru um stækkun á hafnar­svæði t.d. fyrir fiskvinnslu. Samhliða er unnið að því að treysta aðrar undirstöður atvinnulífs á Seyðisfirði.

Húsnæðisþörf

Árleg þörf segir til um hversu margar íbúðir þarf að byggja á ári til þess að uppfylla áætlaða íbúðarþörf. Uppsöfnuð þörf segir til um hversu margar íbúðir þurfi að byggja frá árinu 2021 fram að viðkomandi ári til þess að uppfylla áætlaða íbúðarþörf.

Múlaþing		2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Háspá	Árleg þörf	31	33	33	33	34	35	36	35	36	37
	Uppsöfnuð þörf	31	64	97	130	164	199	235	270	306	343
Miðspá	Árleg þörf	21	21	22	23	23	21	23	25	21	24
	Uppsöfnuð þörf	21	42	64	87	110	131	154	179	200	224
Lágspá	Árleg þörf	10	12	10	11	12	11	11	11	10	12
	Uppsöfnuð þörf	10	22	32	43	55	66	77	88	98	110


Íbúðarþörf - Múlaþing



Borgarfjörður eystri

Tegund		2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Háspá	Árleg þörf	2	1	2	1	2	1	2	1	2	1
	Uppsöfnuð þörf	2	3	5	6	8	9	11	12	14	15
Miðspá	Árleg þörf	1	1	1	1	2	-	1	2	-	1
	Uppsöfnuð þörf	1	2	3	4	6	6	7	9	9	10
Lágspá	Árleg þörf	1	1	-	1	1	1	1	-	1	1
	Uppsöfnuð þörf	1	2	2	3	4	5	6	6	7	8


Íbúðaðþörf - Borgarfjörður eystri



Djúpivogur

Tegund		2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Háspá	Árleg þörf	3	3	3	3	3	4	3	4	3	4
	Uppsöfnuð þörf	3	6	9	12	15	19	22	26	29	33
Miðspá	Árleg þörf	2	2	2	2	2	2	3	2	2	2
	Uppsöfnuð þörf	2	4	6	8	10	12	15	17	19	21
Lágspá	Árleg þörf	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
	Uppsöfnuð þörf	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10


Íbúðaðþörf - Djúpivogur



Egilsstaðir

Tegund		2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Háspá	Árleg þörf	22	24	23	24	24	25	25	25	26	26
	Uppsöfnuð þörf	22	46	69	93	117	142	167	192	218	244
Miðspá	Árleg þörf	15	15	16	16	16	16	16	17	16	17
	Uppsöfnuð þörf	15	30	46	62	78	94	110	127	143	160
Lágspá	Árleg þörf	7	8	8	7	8	8	7	8	7	8
	Uppsöfnuð þörf	7	15	23	30	38	46	53	61	68	76


Íbúðarþörf - Egilsstaðir



Seyðisfjörður

Tegund		2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Háspá	Árleg þörf	4	5	5	5	5	5	6	5	5	6
	Uppsöfnuð þörf	4	9	14	19	24	29	35	40	45	51
Miðspá	Árleg þörf	3	3	3	4	3	3	3	4	3	4
	Uppsöfnuð þörf	3	6	9	13	16	19	22	26	29	33
Lágspá	Árleg þörf	1	2	1	2	2	1	2	2	1	2
	Uppsöfnuð þörf	1	3	4	6	8	9	11	13	14	16

Íbúðarþörf - Seyðisfjörður



Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbyggingu

Borgarfjörður eystri

Markmið Múlapings er að framboð fjölbreyttra búsetukosta sé nægilegt, miðað við þróun og þörf í viðkomandi þéttbýliskjarna hverju sinni.

Djúpivogur

Miðspá um íbúafjölgun á í þéttbýlinu á Djúpavogi gerir ráð fyrir talsverðri fjölgun íbúa. Breytt búsetumynstur og nýir atvinnumöguleikar á svæðinu kalla á reglulega endurskoðun á spá um fjölgun/fækkun íbúa. Allar líkur eru á, að nægilegt framboð byggingahæfra lóða sé fyrir næsta tímabil húsnæðisáætlunarinnar. Flatarmál íbúða taki mið af leiðbeiningum Húsnæðis og mannvirkjastofnunar þegar leiguhúsnæði er byggt með stofnframlögum. Verktakar og þróunaraðilar meta sjálfir hvaða stærðir kunna að seljast á frjálsum markaði. Markmið Múlapings er að framboð búsetukosta sé nægilegt á Djúpavogi miðað við þróun og þörf hverju sinni.

Egilsstaðir

Miðspá um íbúafjölgun í þéttbýlinu við Fljótið gerir ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa þ.e. að hún verði svipuð því sem hefur verið síðustu 25 ár, rúmt 1% á ári. Breytt búsetumynstur og nýir atvinnumöguleikar á svæðinu kalla á reglulega endurskoðun á spánni. Allar líkur eru á að nægilegt framboð byggingahæfra lóða sé fyrir næsta tímabil húsnæðisáætlunarinnar. Flatarmál íbúða taki mið af leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar þegar leiguhúsnæði er byggt með stofnframlögum. Verktakar og þróunaraðilar meta sjálfir hvaða stærðir kunna að seljast á frjálsum markaði. Með hliðsjón af líklegri þróun fjölskyldustærða ætti um helmingur nýrra íbúða sem byggðar verða næstu 10 ár, vera litlar og meðalstórar íbúðir. Með tilliti til byggðarmynsturs og algengra óska íbúa um gæði húsnæðis, ætti að gera ráð fyrir að hluti meðalstórra og stærri íbúða verði í par- og raðhúsum. Að öðru leiti er markmið Múlapings að framboð fjölbreyttra búsetukosta sé nægilegt í þéttbýlinu við Fljótið, miðað við þróun og þörf hverju sinni.

Seyðisfjörður

Miðspá um íbúafjölgun á í þéttbýlinu á Seyðisfirði gerir ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa, svipaða því sem hefur verið síðustu 25 ár, eða 0,3% á ári. Breytt búsetumynstur og nýir eða tapaðir atvinnumöguleikar á svæðinu kalla á reglulega endurskoðun. Allar líkur eru á, að nægilegt framboð byggingahæfra lóða sé fyrir næsta tímabil húsnæðisáætlunarinnar. Flatarmál íbúða taki mið af leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar þegar leiguhúsnæði er byggt með stofnframlögum. Verktakar og þróunaraðilar meta sjálfir hvaða stærðir kunna að seljast á frjálsum markaði. Þó skal tekið fram að hvaða aldurshóp muni fjölga hlutfallslega mest í þéttbýlinu á Seyðisfirði á næstu árum, er afar erfitt að spá fyrir um. Markmið Múlapings er að framboð búsetukosta sé nægilegt í þéttbýlinu á Seyðisfirði, miðað við þróun og þörf hverju sinni.

Búsetuform

Taflan hér að neðan sýnir fjölda íbúða eftir búsetuformum árið 2021 og fjölda einstaklinga á biðlistum.


Búsetuform	Núverandi fjöldi	Á biðlista
Leiguhúsnæði fyrir eldri borgara	30	15
Leiguhúsnæði fyrir námsmenn	75	0
Félagslegt leiguhúsnæði í eigu sveitarfélags eða húsnæði sem sveitarfélag framleigir til skjólstæðinga félagsþjónustu	45	5
Búseturéttarhúsnæði	15	0
Almennar leiguíbúðir fyrir tekju- og eignalága	2	0
Sértæk búsetuúrræði	33	0

Áætluð þörf eftir búsetuformum

Taflan hér að neðan sýnir áætlaða þörf eftir búsetuformum fram til ársins 2031. Umframþörf tekur tillit til núverandi fjölda rýma sem eru til staðar ásamt samþykktum áformum um fjölgun rýma á tilteknu ári. Einnig tekur hún tillit til þeirrar notkunar sem er á rýmum árið 2021, biðlistum og þróun á mannfjölda skv. mannfjöldaspá. Neikvæð umframþörf merkir að þörf sé á að fjölga rýmum.

Tegund		2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Leiguhúsnæði fyrir eldri borgara	Núverandi rými eftir búsetuformum	29	30	30	31	31	32	32	32	33	33	33
	Háspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	-16	-15	-16	-16	-16	-16	-17	-18	-18	-19	-19
	45	45	46	47	47	48	49	50	51	52	52	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	29	30	30	31	31	32	32	32	33	33	33
	Miðspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	-16	-15	-16	-15	-15	-15	-15	-16	-15	-16	-17
	45	45	46	46	46	47	47	48	48	49	50	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	29	30	30	31	31	32	32	32	33	33	33
	Lágspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	-16	-15	-15	-14	-15	-14	-14	-14	-13	-14	-14
	45	45	45	45	46	46	46	46	46	46	47	47
Leiguhúsnæði fyrir námsmenn	Núverandi rými eftir búsetuformum	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137
	Háspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	62	61	60	58	57	56	55	54	52	51	50
	75	76	77	79	80	81	82	83	85	86	87	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137
	Miðspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	62	61	60	60	59	58	57	56	56	55	54
	75	76	77	77	78	79	80	81	81	81	82	83
	Núverandi rými eftir búsetuformum	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137	137
	Lágspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	62	61	61	61	60	60	59	59	59	58	58
	75	76	76	76	77	77	77	78	78	79	79	
Félagslegt leiguhúsnæði í eigu sveitarfélags eða húsnæði sem sveitarfélag framleigir til skjólstæðinga félagsþjónustu	Núverandi rými eftir búsetuformum	44	44	44	44	45	44	44	44	44	43	43
	Háspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	-6	-7	-7	-9	-8	-10	-10	-12	-12	-15	-15
	50	51	51	53	53	54	54	56	56	58	58	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	44	44	44	44	45	44	44	44	44	43	43
	Miðspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	-6	-6	-7	-7	-6	-9	-9	-9	-10	-11	-13
	50	50	51	51	51	53	53	53	54	54	56	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	44	44	44	44	45	44	44	44	44	43	43
	Lágspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	-6	-6	-6	-7	-6	-7	-8	-8	-8	-10	-10
	50	50	50	51	51	51	52	52	52	53	53	
Búseturéttarhúsnæði	Núverandi rými eftir búsetuformum	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15
	Háspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	0	-1	-1	-1	-1	-2	-2	-3	-3
	15	15	15	16	16	16	16	17	17	18	18	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15
	Miðspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	0	0	-1	-1	-1	-1	-1	-1	-2
	15	15	15	15	16	16	16	16	16	16	17	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15	15
	Lágspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	0	0	0	0	0	-1	-1	-1	-1
	15	15	15	15	15	15	15	16	16	16	16	
Almennar leigubúðir fyrir tekju- og eignalága	Núverandi rými eftir búsetuformum	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
	Háspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
	Miðspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
	Lágspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	
Sértæk búsetuúrræði	Núverandi rými eftir búsetuformum	33	33	34	34	34	35	35	35	35	35	35
	Háspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	-1	0	-1	-1	-1	-1	-2	-2	-3	-3
	33	34	34	35	35	36	36	37	37	38	38	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	33	33	34	34	34	35	35	35	35	35	35
	Miðspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	0	0	0	0	0	0	-1	-1	-2
	33	33	34	34	34	35	35	35	36	36	37	
	Núverandi rými eftir búsetuformum	33	33	34	34	34	35	35	35	35	35	35
	Lágspá Umframþörf fyrir mismunandi búsetuform þörf fyrir mismunandi búsetuform	0	0	1	0	0	1	1	1	1	0	0
	33	33	33	34	34	34	34	34	34	34	35	35

Núverandi rými og þörf fyrir mismunandi búsetuform




Þjónusta og innviðir

Taflan hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu árið 2021 og fjölda einstaklinga á biðlista.

Þjónustutegund	Núverandi fjöldi	Á biðlista
Leikskólar	275	28
Grunnskólar	685	-
Framhaldsskólar	185	-
Hjúkrunarrými	54	22

Þörf eftir þjónustutegundum




Samanburður á áætlaðri þörf á þjónustu og getu

Taflan hér að neðan sýnir áætlaða þörf eftir þjónustutegund fram til ársins 2031. Umframbörf tekur tillit til núverandi fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu. Hún tekur einnig tillit til samþykktra áforma um fjölgun á plássum fyrir tiltekna þjónustu á tilteknu ári, getu þjónustu hvert ár, fjölda einstaklinga á biðlista og þróun á mannfjölda skv. mannfjöldaspá. Neikvæð umframbörf merkir að þörf sé á að fjölga plássum.

Tegund		2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	
Leikskólar	Háspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	19	15	10	6	0	-5	-9	-14	-19	-24	-29
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	303	307	312	316	322	327	331	336	341	346	351
	Miðspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	19	17	12	10	7	4	0	-2	-6	-10	-12
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	303	305	310	312	315	318	322	324	328	332	334
	Lágspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	19	18	17	15	12	11	10	8	7	6	4
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	303	304	305	307	310	311	312	314	315	316	318
Grunnskólar	Háspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	770	770	770	770	770	770	770	770	770	770	770
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	85	75	64	54	43	32	21	10	-2	-14	-25
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	685	695	706	716	727	738	749	760	772	784	795
	Miðspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	770	770	770	770	770	770	770	770	770	770	770
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	85	78	71	64	56	50	42	36	28	20	14
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	685	692	699	706	714	720	728	734	742	750	756
	Lágspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	770	770	770	770	770	770	770	770	770	770	770
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	85	81	78	75	71	68	64	61	56	54	50
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	685	689	692	695	699	702	706	709	714	716	720
Framhaldsskólar	Háspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	137	134	131	128	125	123	120	116	113	110	107
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	185	188	191	194	197	199	202	206	209	212	215
	Miðspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	137	135	133	131	129	127	125	123	121	119	117
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	185	187	189	191	193	195	197	199	201	203	205
	Lágspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322	322
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	137	136	135	134	133	132	131	130	129	128	127
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	185	186	187	188	189	190	191	192	193	194	195
Hjúkrunarrými	Háspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	54	54	54	54	54	54	54	54	54	54	54
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	-22	-23	-24	-25	-26	-28	-29	-31	-31	-32	-34
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	76	77	78	79	80	82	83	85	85	86	88
	Miðspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	54	54	54	54	54	54	54	54	54	54	54
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	-22	-22	-23	-24	-25	-25	-26	-28	-28	-29	-29
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	76	76	77	78	79	79	80	82	82	83	83
	Lágspá	1. Núverandi rými eftir þjónustutegund	54	54	54	54	54	54	54	54	54	54	54
		2. Umframbörf fyrir mismunandi þjónustutegund	-22	-22	-22	-23	-23	-24	-24	-25	-25	-25	-25
		3. Þörf fyrir mismunandi þjónustutegund	76	76	76	77	77	78	78	79	79	79	79

Núverandi rými og þörf fyrir mismunandi þjónustur



Lóðir og skipulag


Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum

Að tryggja nægjanlegt framboð fjölbreyttra valkosta á hverjum tíma og á hverjum stað.

Taflan hér að neðan sýnir áætlanir sveitarfélagsins fyrir skipulag lóða/lóðasvæða og stöðu þeirra í skipulagsferlinu. Einnig má sjá hvort lóð/lóðasvæði sé byggingarhæf, hvenær sveitarfélagið stefnir á að hefja úthlutun á tiltekinni lóð/lóðasvæði og hversu margar íbúðir eru áætlaðar á úthlutuðum lóðum fram til ársins 2031.

Tegund lóða	Lóðasvæði	Staða	Byggingarhæf lóð?	Fyrsta ár úthlutunar	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	Samtals fjöldi íbúða
Einbýli	Egilsstaðir og nágrenni	Óúthlutað	Já	2021	36	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	36
Parhús/raðhús/tvibýli	Vothvammur	Deiliskipulag	Nei	2022	31	30	0	0	0	0	0	0	0	0	0	61
Einbýli	Seyðisfjörður	Óúthlutað	Já	2021	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9
Parhús/raðhús/tvibýli	Seyðisfjörður	Óúthlutað	Já	2021	16	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	16
Fjölbýli	Seyðisfjörður	Óúthlutað	Já	2021	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6
Einbýli	Djúpivogur	Óúthlutað	Já	2021	8	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8
Parhús/raðhús/tvibýli	Djúpivogur	Óúthlutað	Já	2021	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Einbýli	Borgarfjörður Eystri	Óúthlutað	Já	2021	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11
Parhús/raðhús/tvibýli	Borgarfjörður Eystri	Óúthlutað	Já	2021	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Einbýli	Þéttling byggðar	Deiliskipulag	Nei	2023			1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Fjölbýli	Miðbær	Deiliskipulag	Nei	2022	50	50	40	0	0	0	0	0	0	0	0	140
Fjölbýli	Miðbær	Deiliskipulag	Nei	2025				15	0	0	0	0	0	0	0	15
Einbýli	Borgarfjörður Eystri	Deiliskipulag	Nei	2022	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6
Einbýli	Djúpivogur	Deiliskipulag	Nei	2022	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5
Parhús/raðhús/tvibýli	Þéttling byggðar	Deiliskipulag	Nei	2022	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Einbýli	Eiðar	Deiliskipulag	Nei	2022	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Parhús/raðhús/tvibýli	Fellabær	Deiliskipulag	Nei	2022	15	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15
Einbýli	Fellabær	Deiliskipulag	Nei	2023		6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6
Parhús/raðhús/tvibýli	Egilsstaðir	Óúthlutað	Já	2021	13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	13
Samtals					103	110	87	40	15	0	0	0	0	0	0	355

Lóðaframboð



Íbúðir í byggingu

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður úr talningu HMS á íbúðum í byggingu sem framkvæmd var í september 2021. Framvandan er sett fram sem hlutfall af fullbúnu m.t.t. hefðbundins framkvæmdartíma íbúðarhúsnæðis þar sem gefið er upp ákveðið prósentubil sökum þess að byggingaframkvæmdir, aðstæður og aðferðir eru mismunandi.


Múlaþing			
Framvindumat	Einbýlishús	Par- / raðhús	Samtals
1-21%	1		1
22-34%	4	5	9
35-45%		2	2
46-78%		4	4
79-95%	1		1
Samtals	6	11	17

Borgarfjörður eystri			
Framvindumat	Einbýlishús	Par- / raðhús	Samtals
1-21%	1		1
22-34%	2		2
79-95%	1		1
Samtals	4	0	4


Djúpivogur			
Framvindumat	Einbýlishús	Par- / raðhús	Samtals
22-34%	1	5	6
Samtals	1	5	6

Egilsstaðir			
Framvindumat	Einbýlishús	Par- / raðhús	Samtals
22-34%	1		1
35-45%		2	2
46-78%		4	4
Samtals	1	6	7

Fjöldi íbúða í byggingu



Fjöldi íbúða í byggingu




Samanburður

Taflan hér að neðan sýnir hvernig vænt framboð íbúða og vænt framboð íbúða samkvæmt lóðaskipulagi mætir áætlaðri íbúðapörf samkvæmt mannfjöldaspá.

	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Áætluð íbúðapörf skv. mannfjöldaspá		31	33	33	33	34	35	36	35	36	37
Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	1	6	10								
Háspá Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)			103	110	87	40	15	-	-	-	-
Árleg þörf		25	- 80	- 77	- 54	- 6	20	36	35	36	37
Uppsöfnuð þörf		25	- 55	- 132	- 186	- 192	- 172	- 136	- 101	- 65	- 28
Áætluð íbúðapörf skv. mannfjöldaspá		21	21	22	23	23	21	23	25	21	24
Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	1	6	10								
Miðspá Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)			103	110	87	40	15	-	-	-	-
Árleg þörf		15	- 92	- 88	- 64	- 18	6	23	25	21	24
Uppsöfnuð þörf		15	- 77	- 165	- 229	- 247	- 241	- 218	- 193	- 172	- 148
Áætluð íbúðapörf skv. mannfjöldaspá		10	12	10	11	12	11	11	11	10	12
Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	1	6	10								
Lágspá Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)			103	110	87	40	15	-	-	-	-
Árleg þörf		4	- 101	- 100	- 76	- 28	- 4	11	11	10	12
Uppsöfnuð þörf		4	- 97	- 197	- 273	- 301	- 305	- 294	- 282	- 272	- 260

Áætluð þörf m.v. mannfjöldaspá (línur) og vænt framboð (súlur)



Viðauki

Spurningar úr áætlanagerfi—Borgarfjörður eystri

Er nægt framboð af íbúðarhúsnæði til að uppfylla þörf og tryggja eðlilega framþróun sveitarfélagsins?

Nei

Ef svarið við fyrri spurningu er Nei, hversu margar íbúðir er þörf fyrir?

4

Er sveitarfélagið með reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?

Já

Er sveitarfélagið með reglur um veitingu stofnframlaga?

Já

Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.

11

Er húsnæði til staðar í sveitarfélaginu sem er í dag ekki nýtt sem íbúðarhúsnæði en gæti verið breytt í íbúðir?

Nei

Er eftirspurn eftir lóðum?

Já

Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?

Einbýli

Hvers konar íbúðartegund er næstmest eftirspurn eftir?

Parhús/raðhús/tvíbýli

Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?

Fjölbýli

Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?

Já

Viðauki

Spurningar úr áætlanakerfi—Djúpivogur

Er nægt framboð af íbúðarhúsnæði til að uppfylla þörf og tryggja eðlilega framþróun sveitarfélagsins?

Nei

Ef svarið við fyrri spurningu er Nei, hversu margar íbúðir er þörf fyrir?

6

Er sveitarfélagið með reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?

Já

Er sveitarfélagið með reglur um veitingu stofnframlaga?

Já

Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.

1

Er húsnæði til staðar í sveitarfélaginu sem er í dag ekki nýtt sem íbúðarhúsnæði en gæti verið breytt í íbúðir?

Nei

Er eftirspurn eftir lóðum?

Nei

Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?

Einbýli

Hvers konar íbúðartegund er næstmest eftirspurn eftir?

Parhús/raðhús/tvíbýli

Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?

Fjölbýli

Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?

Já

Viðauki

Spurningar úr áætlanagerfi—Egilsstaðir

Er nægt framboð af íbúðarhúsnæði til að uppfylla þörf og tryggja eðlilega framþróun sveitarfélagsins?

Nei

Ef svarið við fyrri spurningu er Nei, hversu margar íbúðir er þörf fyrir?

20

Er sveitarfélagið með reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?

Já

Er sveitarfélagið með reglur um veitingu stofnframlaga?

Já

Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.

53

Er húsnæði til staðar í sveitarfélaginu sem er í dag ekki nýtt sem íbúðarhúsnæði en gæti verið breytt í íbúðir?

Nei

Er eftirspurn eftir lóðum?

Já

Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?

Parhús/raðhús/tvíbýli

Hvers konar íbúðartegund er næstmest eftirspurn eftir?

Einbýli

Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?

Fjölbýli

Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?

Já

Viðauki

Spurningar úr áætlanagerfi—Seyðisfjörður

Er nægt framboð af íbúðarhúsnæði til að uppfylla þörf og tryggja eðlilega framþróun sveitarfélagsins?

Nei

Ef svarið við fyrri spurningu er Nei, hversu margar íbúðir er þörf fyrir?

6

Er sveitarfélagið með reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?

Já

Er sveitarfélagið með reglur um veitingu stofnframlaga?

Já

Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.

15

Er húsnæði til staðar í sveitarfélaginu sem er í dag ekki nýtt sem íbúðarhúsnæði en gæti verið breytt í íbúðir?

-

Er eftirspurn eftir lóðum?

Nei

Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?

Parhús/raðhús/tvíbýli

Hvers konar íbúðartegund er næstmest eftirspurn eftir?

Einbýli

Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?

Fjölbýli

Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?

Já